

Dagur tónlistarskólanna



Dagur tónlistarskólanna var haldinn hátíðlegur um land allt laugardaginn 9. febrúar sl. Tónlistarskóli Árnésinga stóð fyrir sex svæðistónleikum í tilefni dagsins og komu fram alls um 300 nemendur. Tónleikar voru haldnir í Aratungu, Félagsheimilinu Flúðum, Þorlákskirkju, Hveragerðiskirkju og tvennir tónleikar í sal Tónlistarskólans á Selfossi. Sjá nánar á bls. 16.

Rósa Hlín leikskólastjóri Heklukots

Rósa Hlín Róskarsdóttir hefur tekið við sem leikskólastjóri í Heklukoti en hún hefur starfað sem deildarstjóri í Lókoti og hefur langa reynslu af skólastarfi. Hrafnhildur Andrésdóttir tekur við af Rósu Hlín sem deildarstjóri.



FSu í 4-liða úrslit Gettu betur

Lið FSu keppti við lið Fjölbrautaskólans í Garðabæ í spurningakeppninni Gettu betur sl. föstudag. FSu vann þar frækkinn sigur, 37-22, og er komið í fjögurra liða úrslit.



Eigendur HK verktaka þeir Hákon Pétursson og Kristinn Már Þorkelsson ásamt Ástu Stefánsdóttur, sveitarstjóra Bláskógabyggðar og Helga Bárðarsyni hjá Verkís.

Leikskólabygging í Reykholti

Á dögunum var skrifað undir samning Bláskógabyggðar við HK verktaka ehf. um innanhússfrágang og lóðafrágang leikskólans Álfaborgar í Reykholti. HK verktakar áttu lægsta tilboð í útboði sem Verkís ehf. hélt utan um fyrir Bláskógabyggð.

Fyrri áfanga verksins lýkur á næstu vikum, en Ari Oddsson

ehf. hefur annast þann þátt, þ.e. uppsteypu og utanhússfrágang.

Áætlað er að taka hina nýju leikskólabyggingu í notkun næsta haust, og verður leikskólinn Álfaborg þá kominn í varanlegt húsnæði. Arkitektastofan VA arkitektar annast hönnun hússins og Verkís sér um verkfræðihönnun.



Kvenfélagskonur færðu Krakkaborg góða gjöf

Leikskólanum Krakkaborg í Flóahreppi barst góð gjöf á degi leikskólans 6. febrúar sl. Þar var um að ræða gjafabréf upp á 80.000 krónur. Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir, leikskólastjóri, tók við gjafabréfinu sem Sólveig Þórðardóttir formaður og Fanney Ólafsdóttir afhentu fyrir hönd kvenfélagsins.

Er gólfhitinn rétt stilltur?



Fáðu
fagmann
í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**
Selfossi • Sími 699 1985 • 823 6656



Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is

BETRI DEKK BESTA VÖRNIN

Lægra verð á gæðadekkjum til frambúðar.

Sími 482 2722 • Austurvegi 52,
Selfossi • solning.is



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárbæingum eystra

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárbæingum eystra.

Brúnir 1 – Deiliskipulagstillaga

Deiliskipulagstillagan nær til 1,6 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir verslunar- og þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn, auk bílastæðis og leik-/útisvæðis. Þjónustumiðstöðin getur verið allt að 115 m² að grunnfleti, með bílastæði fyrir allt að 100 fólksbílum og 6 hópferðabílum.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst tillaga að breytingum á aðalskipulagi Rangárbæings eystra 2012-2024.

Brúnir 1 – Aðalskipulagsbreyting

Aðalskipulagsbreytingin nær til 1,6 ha svæðis, í landi Brúna 1, Rangárbæingum eystra. Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði (L) verður breytt í verslunar- og þjónustusvæði (VP).

Ofangreindar tillögur að skipulagsbreytingum er hægt að skoða á heimasíðu Rangárbæings eystra www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 20. febrúar 2019. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 3. apríl 2019. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárbæings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárbæings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Fulltrúi skipulags- og byggingarmála

Átta tillögur frá sunnlenskum nemendum í nýsköpunarkeppninni „Verksmiðjan“

Nýsköpunarkeppnin Verksmiðjan er unnin í samstarfi við UngRÚV. Keppnin er fyrir ungt fólk á aldrinum 13-16 ára. Sunnlenskir nemendur áttu átta tillögur af þeim 30 hugmyndum sem valdar hafa verið til að taka þátt í keppninni. Hugmyndasmiðirnir hafa nú rétt rúmar tvær vikur til þess að útfæra hugmyndir sínar í samstarfi við FabLab smiðjurnar á Suðurlandi. Hugmyndirnar verða svo kynntar fyrir dómnefnd keppinnar sem velur bestu og áhuga-verðustu hugmynd keppinnar. Í sunnlensku FabLab smiðjunum verða eftirfarandi hugmyndir unnar áfram til þátttöku í keppninni:

- Margrét Inga Ágústsdóttir og félagi í 9. bekk Flúðaskóla, með hugmynd sína: **Leyni hilla**.
- Matthildur Sif Pálsdóttir og félagi í 8. bekk Flúðaskóla, með hugmynd sína: **Pottasúða**.
- Freydís Júlía Guðmundsdóttir og félagar í 8. bekk Flúðaskóla, með hugmynd sína: **Regnhlífalampinn**.
- Hjörný Karlsdóttir í 8. bekk



Flúðaskóla, með hugmynd sína: **Minni matarsóun**.

- Alexander Júlíusson og félagar í 10. bekk Barnaskóla Vestmannaeyja, með hugmynd sína: **Space blex**.
- Guðrún Lilja Árnadóttir og félagi í 8. bekk Flúðaskóla, með hugmynd sína: **Peysubolur**.
- Matthías Jens Ármann í 8. bekk Bláskógaskóla í Reykholti, með hugmynd sína: **Teygjó**.
- Aron Freyr Borgarsson í 8. bekk Grunnskóla Hornafjarðar, með hugmynd sína: **Eltivekjari – snjallvekjari**.

Athygli vekur að sunnlenski tónlistarmaðurinn Daði Freyr Pétursson er einn af þeim sem

tekur virkan þátt í Verksmiðjunni og mun meðal annars þróa hljóðfæri í samstarfi við FabLab.

Að verkefninu standa Samtök iðnaðarins, RÚV, Nýsköpunarkeppni grunnskólanna, FabLab, menntamálaráðuneytið og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Verksmiðjunni er ætlað að ná til ungmenna í 8.-10. bekk grunnskóla. Þetta er hugmynda- og uppfinningakeppni þar sem krökkum gefst tækifæri til að láta hugmyndir sínar verða að veruleika með aðstoð leiðbeinenda, fagfólks, fyrirtækja og hvetjandi sjónvarpsefnis. Fimm sjónvarpsþættir um Verksmiðjuna, iðngreinar og nýsköpun verða sýndir á RÚV í vor. -gpp

Vinningshafar í Eldvarnagetrauninni fengu afhend verðlaun sín

Á 11. febrúar sl. fór Guðmundur G. Þórisson, deildarstjóri forvarnasviðs Brúna-Vara Árnessýslu, í tvo skóla til að afhenda vinningshöfum í Eldvarnagetrauninni 2018 verðlaunin sín.

Í nóvember á hverju ári eru allir þriðju bekkjar heimsoðir með fræðslu um þau Loga og Glöð og í kjölfarið gefst þeim kostur á að svara eldvarnagetraun og tveir vinningshafar í Árnessýslu eru dregnir út.

Að þessu sinni voru það þeir Þorsteinn Jón Hlöðversson í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri og Mikael Arnar Tómasson í Sunnulaekjarskóla sem hrepptu hnossið.



Þorsteinn Jón Hlöðversson í Barnaskólanum á Eyrarbakka með verðlaunin sín. Mynd: B.A.



Mikael A. Tómasson í Sunnulaekjarskóla með verðlaunin sín. Mynd: B.A.

Sýningin Einurð opnuð að Efra-Seli

Listakonan Gréta Gísladóttir Lopnar myndlistarsýningu í Golfskálanum að Efra-Seli, Hrunamannahreppi, laugar-daginn 23. febrúar nk. Sýningin nefnist Einurð. Sýningin hefst klukkan 15 og verður Gréta á staðnum til klukkan 18.

Gréta var í Danmörku 1999–2000 í Kunst- og hándverks-hójskolen Engelsholm og lærði þar m.a. gler- og myndlist. Eftir 3ja ára nám útskrifaðist hún svo frá Myndlistaskólanum á Akureyri 2011, úr fagurlistadeild.

„Ég sækí innblástur í um-

hverfið, náttúruna og fólk. Ólík form myndlistar eru viðfangsefni mín en málverkið er minn helsti miðill. Skemmtilegast er að reyna við ólíkan efnivið. Ég nota gjarnan blandaða tækni eða „mixed media“, þannig skapast tækifæri fyrir tilraunir aðrar en t.d. í hefðbundinni málalísi. Ég nýt þess að skapa andstæður með litavali, formum og birtu. Ég nota ýmist olíu eða akrýl og mála jafnt á striga sem viðarplötur,“ segir Gréta.



Ein af myndum Grétu Gísladóttur.



HÁDEGISTILBOÐ

GILDIR MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA FRÁ KLUKKAN 11 TIL 14

**HAMBORGARI, FRANSKAR & KOKTEILSÓSA
Á AÐEINS 1099 KRÓNUR!**

**SELFOSSI
SKALLI**
Sá svalasti í bænum
AUSTURVEGUR 46
800 SELFOS
SIMI: 483-1111



HÁDEGISTILBOÐ

GILDIR MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA FRÁ KLUKKAN 11 TIL 14

**LÍTIL PIZZA MEÐ TVEIMUR ÁLEGGJUM
Á AÐEINS 1099 KRÓNUR!**

**SELFOSSI
SKALLI**
Sá svalasti í bænum
AUSTURVEGUR 46
800 SELFOS
SIMI: 483-1111



**Flott merki.
Nýjar umgjarðir.
Sjónmælingar á staðnum.**



EYRAVEGUR 7, SELFÖSS
www.gleraugnagalleri.is
Sími: 482-1144



Mynd: Freepik.

Bogfimi- námskeið á Hvolsvelli

Til stendur er halda bogfimi-
námskeið í íþróttamið-
stöðinni á Hvolsvelli helgina
2.-3. mars næstkomandi ef lág-
marksfjöldi næst. Námskeiðið
er haldið í samstarfi við Skot-
íþróttafélagið Skyttur, eins og
gert var fyrir rétt rúmu ári, en þá
komust færri að en vildu.

Ætlunin er að halda nokkur
námskeið, 4 klst. hvert, þar sem
fjórir komast á hvert námskeið.
Aldurstakmark 14 ára og eldri.
Skráning er inni á skyttur.is og
nánari upplýsingar eru gefnar í
síma 854 9944.

Bjarni Bjarnason íþróttamaður Bláskógabyggðar 2018

Hestamaðurinn Bjarni
Bjarnason, Hestamanna-
félaginu Trausta, var valinn
íþróttamaður Bláskógabyggðar
fyrir árið 2018. Hóf til heiðurs
íþróttafólki í Bláskógabyggð var
haldið á Laugarvatni 14. febrú-
ar sl. í umsjón æskulýðsnefndar
Bláskógabyggðar.

Tveir knapar voru tilnefndir
til íþróttamanns ársins, Bjarni
Bjarnason, ættaður frá Þór-
oddsstöðum, en hann er félagi í
Hestamannafélaginu Trausta og



Fimm ungmenni voru heiðruð fyrir góðan árangur í íþróttum á árinu 2018.
Þau eru frá vinstri: Jana Lind Ellertsdóttir, Jóna Kolbrún Helgadóttir, Dagur
Úlfarsson, Ólafur Magni Jónsson og Brynjar Logi Sölvason.

Finnur Jóhannesson frá Brekku,
sem keppir fyrir Hestamanna-
félagið Loga. Bjarni stóð sig
mjög vel á flestum þeim mótum
sem hann keppti í á síðasta ári
og þá sérstaklega í skeiðgrein-
um. Þetta er þriðja árið í röð og
fjórða skiptið alls sem Bjarni er
valinn íþróttamaður Bláskóga-
byggðar.

Þá voru fjögur ungmenni
heiðruð við þetta tækifæri fyrir
að hafa náð Íslands- og eða bik-
armeistaratitli á árinu 2018. Þau
eru Brynjar Logi Sölvason fyrir
Íslandsmeistaratitil í hástökki,

Ólafur Magni Jónsson fyrir Ís-
landsmeistaratitil í kúluvarpi og
sleggjukasti og bikarmeistaratit-
il í kringlukasti, Jóna Kolbrún
Helgadóttir fyrir Íslands- og
bikarmeistaratitla í 4x200 m.
boðhlaupi og Dagur Úlfarsson
fyrir bikarmeistaratitil í 9. flokki
dregja í körfubolta. Þá var Jana
Lind Ellertsdóttir heiðruð fyrir
framúrskarandi árangur í glímu
og öðrum fangbrögðum.

Æskulýðsnefnd Bláskóga-
byggðar hafði veg og vanda af
undirbúningi og framkvæmd
hófsins.



Bjarni Bjarnason íþróttamaður Blá-
skógabyggðar 2018.



**Matgæðingur vikunnar er
Lárus Arnar Guðmundsson.**



Lárus Arnar Guðmundsson.

Svo er það jóguftsósan

Hrein jóguft (1 dós)
Gúrka (1/2, skorin smátt)
Hvítlaukur
(1 geiri, fínsaxaður)
Cumin (1 tsk.)
Fersk mint (handfylli söxuð)

Öllu blandað saman og kryddað með salti og pipar. Ef þið eruð skipulögð er ekki verra að byrja á jóguftsósunni og leyfa henni að standa í ísskápnum í einhvern tíma.

Með þessum kjúklingarétti er tilvalið að bera fram ferskt salat, grjón, naan-brauð og jafnvel frölluðréttinn hennar Önnu frá síðasta blaði, því rjómi og franskar ganga með öllum mat. Með þessu er tilvalið að drekka svo iskalt Coke Xero.

Þið skerið bringurnar í bita og steikið upp úr olíu á pönnu. Saltið og piprið.

Fínsaxið laukana, engifer og chili og bætið því við á pönnuna og steikið.

Blandið vel saman kókosmjólk, tómatur og karrý. Hellið þessari blöndu yfir pönnuna. Bætið við einu stk. af kjúklingakrafti og látið malla í 20 mín.

Ég ætla að skora á Guðjón Bjarna Hálfðánarson að koma með uppskrift í næsta blaði. Honum er margt til lista lagt og er ég viss um að eldamennska hans geti dimmu í dagsljós breytt.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Fyrirlestur um meðvirkni

Félagsskapurinn Leiðin út á þjóðveg stendur fyrir fyrirlestri um meðvirkni (Hvað er meðvirkni og hvernig verður hún til) í Hveragerði fimmtudaginn 21. febrúar nk. Valdimar Þór Svavarsson, ráðgjafi hjá Fyrsta skrefinu, mun þar ræða um hugtakið „meðvirkni“ og með hvaða hætti hún tengist uppvextinum. Valdimar mun meðal annars ræða um hvaða áhrif meðvirkni hefur á daglegt líf, hver einkenni hennar eru

og með hvaða hætti við getum styrkt mörkin okkar í daglegu lífi.

Fyrirlesturinn sem verður fimmtudaginn 21. febrúar og hefst kl. 20 verður í húsi Rauða krossins, annarri hæð, (gengið inn frá Austurmörk 7). Hann mun standa yfir í um 2 klukkustundir og er í boði samtakanna. Frjáls framlög eru vel þegin. Fyrirlesturinn er öllum opin sem hafa áhuga. Bakkelsi er í boði Almars bakara.



Útgefandi: Dagskráin, Eyra­vegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjórn: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is.
Bláðamaður: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyra­vegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að sam­tökum bæjar- og héraðsfréttablaða.



ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vís­na­gá­tur-höf. Páll Jónas­son - Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

*Straumvötn trylltan stíga dans, (sögn í nafnh.)
stór og spikfeit kona.*

*Bóndans eign og húsdýr hans,
höfð er undir rauðvín manns.*

Svar við gátu í blaði 2486: SKÍFA.
1. lína: slípiskífa - 2. lína: þakskífa
4. lína: spenniskífa



Jötunheimar fengu viðurkenningu fyrir framúrskarandi vinnu við öryggis- og viðbragðsmál innan leikskólans

Brunavarnir Árnassýslu fengu heimsókn frá eldri deildunum í leikskólanum Jötunheimum á Selfossi á einn-einn-tveir daginn sem haldinn var 11. febrúar sl. Börnin fengu stutta kynningu á starfsemi slökkviliðsins auk umræðu um neyðarnúmerið 112, eldvarnir heimilisins og mikilvægi reykskynjara. Að því loknu skoðuðu þau sig um í bílasalnum. Auk Brunavarna Árnassýslu voru Sjúkraflutningar HSU og Lögreglan á Suðurlandi með bíla sína til sýnis. Krakkarnir voru hestánægðir með heimsóknina og voru fróðari um öryggismál á eftir og fóru með þá vitneskju heim til foreldra sinna. Eftir hádegi voru yngri deildir í Jötunheimum heimsóttar með samskonar fræðslu frá Brunavörnum Árnassýslu, sjúkraflutningum HSU og Lögreglunni á Suðurlandi. Við það tækifæri afhenti Haukur Grönli, varaslökkviliðsstjóri Brunavarna Árnassýslu, leikskólanum viðurkenningu fyrir framúrskarandi vinnu við öryggis- og viðbragðsmál innan leikskólans. Leikskólinn hefur að undanförmu unnið í öryggismálum sínum, m.a. með uppfærðri rýmingaráætlun, rýmingaræfingum og útbúið sérstakar rýmingartöskur sem hanga í neyðarútgöngum hverrar deildar. Þess má geta að hugleiðingin varðandi hvort börn geti hringt úr snjallsímum í 112 kom frá starfsfólki Jötunheima. Sú hugleiðingin var birt á Facebook-síðu Brunavarna Árnassýslu eftir fyrirspurn frá leikskólanum og hefur fengið mestan lestur allra innleggja sem BÁ hefur sett inn á síðuna sína, en tæplega 41 þúsund manns hafa lesið færsluna.



Krakkarnir fylgjast áhugasöm með. Mynd: BÁ.



Sverrir Haukur Grönli, varaslökkviliðsstjóri BÁ og Júlíana Tyrfingsdóttir, leikskólastjóri, með viðurkenninguna.



NÁMSKEIÐ FYRIR BYGGINGAMENN

Frágangur raka-, vind- og vatnsvarnarlaga með efnum frá SIGA

Verklegt námskeið fyrir fagmenn

Þetta er námskeið fyrir fagmenn sem þurfa að þétta byggingarhluta og ganga frá rakavörn. Tilgangur þess er að kenna þátttakendum að ganga frá þeim á réttan hátt með efnum frá SIGA. Stór hluti námskeiðsins er verklegur þar sem þátttakendur vinna sjálfir með efnum.

- Kennari:**
- Agnar Snædahl, verkfræðingur og húsasmiðameistari.
- Tími:**
- Fimmtudagur 28. febrúar kl. 13.00 – 17.00.
- Staðsetning:**
- Austurvegur 56, Selfossi.
- Fullt verð:**
- 25.000 kr.
- Verð til aðila IDUNNAR:**
- 5.000 kr.

Nánari upplýsingar og skráning á idan.is og í síma 590 6400.



IDAN
fræðslusetur
www.idan.is

28.
FEBRÚAR



HEILSUHORN HSU

Heimaþjónusta ljósmæðra á Suðurlandi

Töluverðar breytingar hafa orðið á barneignaþjónustu á Íslandi síðustu áratugi, fæðingastöðum hefur fækkað og þjónusta eftir fæðingu er mikið breytt. Sængurlega, sem konum var venjulega boðið upp á í nokkra daga, hefur styst og fara flestar konur nú heim eftir 36–72 klst. frá fæðingu barns og þiggja þá heimaþjónustu.

Heimaþjónusta er í höndum ljósmæðra sem eru með samning við Sjúkratryggingar Íslands og er þjónustan veitt utan hefðbundins vinnutíma þeirra. Ljósmæður sinna þörfum mæðra, nýbura og fjölskyldu bæði um helgar og aðra frídaga sé þess þörf. Miðað er við að hver fjölskylda fái 5–7 heimsóknir innan 10 daga frá fæðingu barns allt eftir líðan og heilsufari eftir fæðingu. Í hverri heimsókn metur ljósmóðirin heilsufar og líðan móður og nýbura og veitir fræðslu sem við á hverju sinni.

Eftir að heimaþjónusta lýkur tekur heilsugæslustöð fjölskyldunnar við eftirliti barnsins og móður þess ef þörf er á.

Mismunandi er eftir byggðarlögum hvort ljósmóðir með heimaþjónustusamning sé staðsett/eða búi í



Arndís Mogensen, ljósmóðir.

nálægð við nýju fjölskylduna og hvort boðið sé upp á heimaþjónustu á því svæði. Verðandi foreldrar eru hvattir til þess að kynna sér hver þjónustan er í þeirra heima byggð en upplýsingar um það má nálgast hjá ljósmóður í mæðravernd.

Á ljósmæðravakt HSU Selfossi er hægt að bjóða nýbura og móður sem ekki hafa kost á heimaþjónustu upp á sængurlegu. Þar er einnig gert ráð fyrir því að maki eða annar stuðningsaðili geti dvalið með sængurkonu og barni í þá daga sem sængurlega varir án endurgjalds.

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands,
Arndís Mogensen,
ljósmóðir HSU.

Úrgangur er auðlind



Mikið hefur verið fjallað um ofneyslu vestrænna þjóða og það mikla rusl sem fellur til á hvern jarðarbúa. Í janúar náði Marie Kondo tiltektin nýjum hæðum með tilkomu Netflix-seríu hennar um hvernig eigi að koma reglu á líf sitt og eignir. Íslendingar losuðu sig við óþarfa í stórum stíl síðastliðinn mánuð en mikilvægt er að kynna sér hvað verður um úrganginn og hvernig eigi að flokka hverja vöru.



Ekki er til ein algild lausn eða flokkunarleiðbeiningar fyrir íbúa Suðurlands þar sem hvert sveitarfélag vinnur að úrgangsmálum á sinn hátt. Í dag er þessum málum hagað á fimm ólíka vegu innan landshlutans og mikilvægt að kynna sér þær lausnir sem í boði eru í hverju sveitarfélagi. Þú finnur upplýsingar um þjónustuaðila þíns svæðis á heimasíðu sveitarfélagsins.

Íbúar og fyrirtæki á Suðurlandi gera miklar kröfur um að geta flokkað meira og samræmt en vitund um úrgangsmál og þau verðmæti sem liggja í úrgangi hefur aukist mikið undanfarið.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

í Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

- 1. **Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, Leynir Rimatjörn**
Kynnt er skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Bláskóga-byggðar 2015-2027 þar sem frístundasvæðið F42 í Leyni Rimatjörn er minnkað um u.þ.b. 7 ha. og þeim breytt í landbúnaðarland.
- 2. **Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, Vatnsleysa land B L188581**
Kynnt er skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Bláskóga-byggðar 2015-2027 þar sem lóðin Vatnsleysa land B L188581, sem nú er skilgreind sem frístundalóð, verði breytt í landbúnaðarland þar sem fyrirhugað er að stofna lögbýli. Lóðin er innan frístundasvæðis F67. Lóðin er rétt rúmir 2 ha að stærð en áætlað er að hún verði sameinuð aðliggjandi 4ra ha. landbún-aðarspildu.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

- 3. **Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, landbúnaðar-svæði í Efra-Langholti.**
Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem verið er að breyta nýtingu 10 ha. spildu á skilgreindu landbúnað-

arsvæði í Efra-Langholti, Hrunamannahreppi. Spildan liggur að skipulögðu frístundasvæði úr landi Efra-Langholts, Sunnuholti og Lindarseli, merkt F16. Breytingin felur í sér að spildunni verði breytt í frístundasvæði og þar með mynda samfellu með frístundasvæðinu merkt F16.

- 4. **Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, Grafarbakki II spilda 1.**
Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem fyrirhugað er breyting á nýtingu lóðarinnar Grafarbakki II spildu 1 í Hrunamannahreppi. Breytingin felur í sér að norðurhluti lóðarinnar, um 2,6 ha., verði skilgreindur sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en lóðin er á skilgreindu landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi.
- 5. **Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, ný íbúðarsvæði á Flúðum.**
Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem fyrirhugað er að um 4 ha landbúnaðarlandi innan þéttbýlisins á Flúðum yrði breytt í svæði fyrir íbúðarbyggð. Um er að ræða þrjú svæði, 1,3 ha. svæði, Sandskarðs, sem liggur að íbúðarbyggðinni ÍB3 við Vesturbrunn, um 2,5 ha. svæði úr landi Hrafnkelsstaða 2 og um 1 ha. lóð við Garðastíg. Með uppbyggingunni er verið að þetta byggðina og blanda atvinnustarfsemi og tengja við íbúðabyggð.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulags- og matslýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

- 6. **Endurskoðað deiliskipulag fyrir Miklholtshelli 2 L223302, Flóahreppi.**
Kynnt er skipulags- og matslýsing vegna endurskoðaðs deiliskipulags fyrir Miklholtshelli 2 L223302 en þar er verið að stækka núverandi alifuglabú. Áætlað er að byggja tvö 1.500 m² hús fyrir lífræna eggjaframleiðslu. Í gildandi deiliskipulagi er heimild fyrir 18.000 varphænum á lóðinni en með áætlaðri viðbót yrði heimild fyrir allt að 36.000 fugla alls.

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

- 7. **Deiliskipulag fyrir 9,8 ha. landbúnaðarspildu úr landi Grænhóla, Flóahreppi.**
Kynnt er tillaga að deiliskipulagi sem nær til 9,8 ha. spildu (lnr. 218185) úr landi Grænhóla í Flóahreppi þar sem fyrirhugað er að byggja íbúðarhús, skemmu og allt að þrjú lítill gistihús. Gert er ráð fyrir að stofnað verði lögbýli á spildunni.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

- 8. **Deiliskipulagsbreyting fyrir Torfastaðaheiði, 1. og 2. áfanga, í Bláskóga-byggð.**
Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir 1. og 2. áfanga frístunda-byggðar í landi Torfastaða í Bláskógabyggð. Breytingin felur í sér að heimilt verði að veita rekstrarleyfi í fl. II og gert verði ráð fyrir að á hverri lóð yrði heimilt að veita gistingu í atvinnuskyni fyrir allt að 10 manns.
- 9. **Deiliskipulag fyrir Svarfhólsvöll, golfvöll í landi Laugardæla, Flóahreppi.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir svæði undir golfvöll Golfklúbbs Selfoss. Um er að ræða stækkun á núverandi golfvelli úr 9 holum í 18 holur ásamt tilheyrandi æfingasvæðum og völlum. Skipulagssvæðið er um 70,3 ha. svæði meðfram Ölfusá sem afmarkast af helgunarsvæði fyrirhugaðs nýs þjóðveg nr. 1 til suðurs, bókum Ölfusár til vesturs og skilgreindum landamörkum að landi Laugardæla til norðurs og austurs.

- 10. **Deiliskipulagsbreyting fyrir Öldubýggð, frístundasvæði í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Auglýst er tillaga að skilmálabreytingu deiliskipulags frístundasvæðisins Öldu-byggð í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytingin felst í því að nýtingarhlutfall lóða verði 0,03, að aukahús/gestahús eða geymsla verði allt að 40 m² ásamt því að þakgerð, mænisstefna og efnisval húsa verði frjálst.
- 11. **Deiliskipulag fyrir Þingás L224358 og Efri-Gróf 5 L223471 úr landi Efri-Grófar í Flóahreppi.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir tvær spildur úr landi Efri-Grófar í Flóahreppi, annars vegar Þingás L224358 sem er 10,42 ha og hins vegar Efri-Gróf 5 L223471 sem er 30 ha. Alls er gert ráð fyrir 5 byggingarreitum (B1-B5) á skipulagssvæðinu þar sem heimilað verður að byggja íbúðarhús með bílskúr auk hesthúss/skemmu auk gestahúsa og heildarbyggingarmagn verði leyfilegt samanlagt allt að 1.640 m².
- 12. **Deiliskipulag fyrir Efra-Sel, ferðapjónusta. Hrunamannahreppur.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til 2,8 ha. svæðis á Efra-Seli, sem afmarkast af landmörkum milli Syðra-Sels og Efra Sels til vesturs. Innan reitsins er gert ráð fyrir uppbyggingu hótels en fyrir er golfskáli með veitingasal, tvær skemmur og fjögur íbúðarhús.
- 13. **Deiliskipulagsbreyting fyrir athafnasvæði í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverja-hreppi.**
Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis í Árnesi. Breytingin verður vegna ákvörðunar um að landamarkalína séreignalands ráði lóðamörkum á athafnalóðum við Suðurbraut. Myndar þessi breyting 10-30 m breitt belti milli núverandi athafnalóða og skipulagðra lóða við Þingbraut sem ekki hafa verið stofnaðar. Við breytingu minnka því einstaka lóðir, lóðum fækkar á skipulagssvæðinu og númering lóða breytist.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá kl. 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögnum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni <http://www.utu.is>.

Skipulagstillögur nr. 1-7 eru í kynningu frá 20. febrúar til 6. mars 2019 en tillögur nr. 8-13 eru í auglýsingu frá 20. febrúar til 3. apríl 2019. Athugasemdir og ábendingar við tillögum nr. 1-7 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 6. mars 2019 en 3. apríl 2019 fyrir tillögur nr. 8-13. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Fer aldrei ólesin að sofa

- segir lestrarhesturinn Ólafía Helga Þórðardóttir

Ólafía Helga Þórðardóttir er fædd og uppalin í Þorlákshöfn en fór til Reykjavíkur eftir grunnskóla og varð stúdent frá Verzlunarskóla Íslands. Eftir stúdentspróf vann hún í tíu mánuði í Lúxemborg við barnapössun sem hún segir að hafi verið mikil og góð reynsla fyrir sig. Þaðan fór hún í Tækniskólann og kláraði iðnrekstrarfræði. Núna er hún búsett í Þorlákshöfn ásamt manni og tveimur sonum, starfar sem skólaritari við Grunnskólann í Þorlákshöfn, prjónar af kappi, spilar á horn í lúðrasveitinni og elskar að fara í gönguferðir.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég var að ná mér í bókina *Feigð* eftir Stefán Mána og lofa fyrstu kaflarnir góðu. Það var starfsmaður á bæjarbókasafninu sem mælti með henni. Hljóðbókin sem ég er að hlusta á er *Litla bakaríið við Strandgötu*. Ég var búin að heyra marga tala um þá bók og finnst mér hún vera ágætis bók til að hlusta á.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Spennubækur höfðu mest til mín. Einnig hef ég mjög gaman af ævintýrabókum, Harry Potter bækurnar þykja mér mjög skemmtilegar.

Ertu alin upp við bóklestur?

Ég las mjög mikið þegar ég var barn og var fastagestur á



Ólafía Helga Þórðardóttir.

bókasafninu. Mér fannst líka skemmtilegast þegar það voru bækur í jólapökkunum og sum jólin fékk ég nánast eingöngu bækur að gjöf. Það voru bestu gjafirnar. Ég man eftir því að pabbi las oft og þá sérstaklega á jölunum. Hann hafði dálæti á spennusögum, ætli ég hafi ekki fengið áhugann á þeim frá honum. Föðuramma mín bjó hjá okkur í mörg ár og fór ég oft á bókasafnið til að sækja bækur fyrir hana. Það voru aðallega ævisögur sem hún hafði gaman af en ég er ekki enn komin á þann stað í mínum bókalestri. Ég man ekki eftir því að það hafi verið lesið fyrir mig, en þegar ég gat farið að lesa mér til gamans þá voru það ævintýrabækurnar eftir Enid Blyton sem voru í uppáhaldi og bækurnar eftir Jennu og Hreiðar. Guðrún Helgadóttir skrifaði skemmtilegar bækur sem ég hafði gaman af og bækurnar eftir hana las ég einnig fyrir strákana mína. Bók sem ég las í haust

og vakti áhuga minn var *Sölvasaga unglings* en sonur minn var að lesa hana í íslenskuáfganga í Fjölbautaskóla Suðurlands. Hún vekur mann verulega til umhugsunar og ræddum við töluvert um hana. Ég ætla klárlega að ná mér í framhaldið af henni og lesa við tækifæri.

En hvernig eru lestrarvenjur þínar?

Ég get ekki farið að sofa fyrir en ég hef lesið þó það séu ekki nema nokkrar blaðsíður. Það fer þó eftir því hversu spennandi bókin er hve lengi ég les í einu. Fyrir ári uppgötvaði ég hljóðbókina og finnst það alveg frábært. Núna er ég alltaf með eina hljóðbók í símanum og hlusta til dæmis í garðvinnunni á sumrin eða þegar ég er að þrifa heimilið eða bílinn. Þegar ég fer ein í gönguferðir þá er ekkert betra en að hlusta á góða bók.

Áttu þér uppáhaldshöfund?

Ég á mér engan sérstakan uppáhaldshöfund. Ég hef þó lesið allar skáldsögur eftir Arnald Indriðason, Yrsu Sigurðardóttur og Ragnar Jónasson og nú vonast ég til að geta bætt Stefáni Mána í hópinn.

Hefur bók rænt þig svefni?

Yfirleitt hef ég ekki langan tíma til að lesa fyrir svefninn á kvöldin. Til að bók ræni mig svefni þarf hún að vera mjög spennandi.

En hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Miðað við þær bækur sem ég hef valið mér til lestrar held ég að það yrðu spennusögur.

Rótarý gegn lömunarveiki

Rótarýhreyfingin hefur Rundanfarna áratugi barist gegn útbreiðslu lömunarveikinnar. Með þessari grein er ætlunin að kynna sjúkdóminn og átak Rótarý gegn henni. Mænusótt eða lömunarveiki, á ensku polio, er smitsjúkdómur af völdum veiru sem leggst getur á taugakerfi líkamans og valdið lömum sem leitt getur til dauða. Veirusýking getur borist á milli manna einkum með saurgerlum sem komast í snertingu við munninn og meltingarveg, t.d. í gegnum mengað vatn eða gegnum aðrar millileiðir. Þeir sem eru í mestri hættu á að veikjast af sjúkdómnum eru nýburar, ung börn og óbólusettir einstaklingar.

Lömunarveikin var fyrst greind árið 1840 en árið 1908 var veiran sem veldur veikinni loksins uppgötvuð. Síðan hafa mótefni verið þróuð gegn veirunni. Frá því að byrjað var að bólusetja gegn sjúkdómnum árið 1955 hefur náðst mikill árangur og hefur nánast tekist að útrýma sjúkdómnum á heimsvisu. Samt sem áður ógnar lömunarveiki enn ungum börnum í fátækari löndum þar sem aðgengi að bóluefni er takmarkað.

Engin meðferð eða lyf eru til sem lækna sjúkdóminn. Almennt beinist meðferð að því að draga úr einkennum. Bólusetning er áhrifarík til að koma í veg fyrir sjúkdóminn hjá ungum börnum. Mikilvægt er að byrja að bólusetja ung börn því sjúkdómurinn er hættulegastur yngstu börnunum. Hér á landi eru börn bólusett við 3, 5 og 12 mánaða aldur og endurbólusett við 14 ára aldur. Bóluefnið verndar ekki lengur en í 10 ár og því er möguleiki á að smitast síðar á ævinni. Mælt er með að fullorðnir láti bólusetja sig gegn mænusótt á 10 ára fresti ef þeir ferðast til landa þar sem hætta er á smiti.

Rótarýhreyfingin er alþjóðleg friðar- og mannúðarhreyfing. Árið 1928 var formlega stofnaður sjóður er nefndur var Rótarýsjóðurinn (The Rotary Foundation). Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þau verkefni sem hreyfingin vinnur að í þeirri viðleitni sinni að skapa betri og friðsamari heim. Rótarýhreyfingin hefur barist gegn útbreiðslu lömunarveikinnar og unnið að því í nánu samstarfi við rótarýklúbba, stjórnmöld á viðkomandi svæðum og Alþjóðaheilbrigðisstofnunina WHO. Árið 1985, þegar Rótarýhreyfingin hóf bólusetningarherferð sína gegn lömunarveiki greindust 387.000 tilfelli lömunarveiki í heiminum. Árið 2016 voru tilvikin 30 talsins. Frá upphafi verkefnisins hafa vel yfir tveir milljarðar barna



verið bólusett og til verkefnisins hefur Rótarýsjóðurinn varið um 600 milljónum dollara auk þess sem Bill og Melinda Gates sjóðurinn hefur lagt verkefninu til 1 billjón dollara.

Það er hægt að útrýma lömunarveiki. Hér á landi var farið að bólusetja við lömunarveiki árið 1956 með þeim árangri að hér á landi hefur enginn greinst með lömunarveiki frá árinu 1963 en þá greindust tveir með veikina. Það má ekki hætta að bólusetja við lömunarveiki fyrir en það er búið að útskrifa sjúkdóminn úr mannheimum og það verður væntanlega ekki fyrir en 10 til 20 árum eftir síðustu bólusetninguna. Mögulega gætum við séð síðasta tilfelli lömunarveiki í heiminum á næsta ári. Þó munu sjálfbærni og áfram bólusetja 450 milljón börn árlega þar til Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur formlega lýst því yfir að lömunarveiki sé útrýmt.

Rótarý er hreyfing fólks úr viðskipta- og atvinnulífi og opinberri þjónustu. Rótarýhreyfingin er alþjóðafélagsskapur sem er starfandi í meira en 200 löndum í öllum heimsálfum. Félagar eru rúmlega 1,2 milljónir í um 35 þúsund klúbbum. Þessi alþjóðlegu samtök standa fyrir mannúðar- og menningarstarfi, stuðla að sem bestu siðgæði í öllum starfsgreinum og hvetja til góðvildar og friðar í heiminum. Til marks um það er opinbert kjörorð alþjóðahreyfingarinnar: „Þjónusta ofar eigin hag“. Á Íslandi eru starfandi 31 rótarýklúbbar með um 1300 félaga. Í klúbbunum er lifandi starf og reglulegir fundir með fróðlegum fyrirlestrum og umræðu. Félagar eru á öllum aldri og af báðum kynjum. Rótarýdagurinn er haldinn hátíðlegur þann 23. febrúar næstkomandi og af því tilefni er Rótarýhreyfingin á landsvisu að vekja athygli á baráttu sinni gegn lömunarveiki.

Stjórn Rótarýklúbbs Selfoss

Félagsráðgjafar á Suðurlandi skrifa um velferðarmál

Samskipti við fólk með minnissjúkdóm

Að greinast með minnissjúkdóm er mikið áfall fyrir viðkomandi einstakling og fjölskyldu hans. Færni til að tjá sig í samskiptum við aðra breytist og þá reynir á aðra í umhverfi einstaklingsins að finna besta samskiptaformið.

Virðing fyrir einstaklingnum er grunnstefið og að hugsa um hann sem einstakling en ekki að horfa eingöngu á sjúkdóminn. Hvernig tölum við? Orð eru aðeins 7% af því sem við tjáum, raddblær 38% og líkamstjáning 55%. Sem sagt orð segja ekki allt – heldur 93% í samskiptum okkar gefur því sem við segjum merkingu – hvernig við tjáum virðingu okkar. Við getum tekið sem dæmi þegar einstaklingur spyr sömu spurningu aftur og aftur. T.d.: „Hvenær ætlaði Siggí að koma?“ Og þú svarar „Hvað er ég búin að segja þér oft að hann kemur á morgun?“ Hvernig tjá-

ir þú þessi samskipti? Orð hafa auðvitað líka merkingu og það eru nokkur orð og setningar sem eru í raun bannorð í samskiptum við fólk með minnissjúkdóma. T.d. á aldrei að spyrja af hverju? *Langar þig í...? Viltu...? eða Hvað segir þú gott?* Okkur hættir til að tala við hvert annað í spurnarformi en það getur verið mjög erfitt fyrir fólk með minnissjúkdóma að svara svona spurningum sem hafa oft verið „sjálfsvarandi“ í menningu okkar. Fólk með minnissjúkdóma upplifa oft þessar spurningar alveg bókstaflega og eiga erfitt með að finna viðeigandi svör.

Í bókinni *Að endurvekja lífsneistann hjá fólki með heilabilun* eftir Jane Verity eru mjög góð og gagnleg ráð fyrir aðstandendur og vini fólks með minnissjúkdóma. Hún fæst hjá Alzheimer samtökunum (alzheimers.is) en hjá þeim



samtökum eru margar gagnlegar upplýsingar. Þau reka líka frábæra ráðgjafathjónustu.

Það má að lokum minna á til gamans að mamma og pabbi, amma og afi hafa í gegnum tíðina lesið sömu söguna aftur og aftur – horft á sömu myndina aftur og aftur með börnum og barnabörnum. Er þá bara ekki allt í lagi að þau heyri aftur og aftur sömu söguna sem fullorðið fólk?

Kristjana María Sigmundsdóttir, félagsráðgjafi MSW.

Á réttri leið

Hittumst á þínum heimavelli og ræðum það sem skiptir máli.

Hveragerði
Sjálfstæðishúsinu,
Austurmörk 2
23. febrúar
10:30

Ölfus
Ráðhúsið í Þorlákshöfn
23. febrúar
12:30

Árborg
Hótel Selfoss
23. febrúar
14:30

Hringferð þingflokks Sjálfstæðisflokksins 2019 → xd.is

D





HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Húsasmiðjublaðið
skoðaðu á husa.is



SÚPER

TILBOÐ Í HÚSASMIÐJUNNI

GROHE
Blöndunartæki
25%
afsláttur

HITACHI HIKOKI
Verkfæri
20%
afsláttur

BLACK+DECKER
Verkfæri
30%
afsláttur

DEWALT
Verkfæri
20%
afsláttur

Handverkfæri og verkfæratöskur
Gildir ekki af Topex handverkfærum
25-30%
afsláttur

AVASCO
Hillurekkar
20%
afsláttur

JUMBO
Stigar og tröppur
25%
afsláttur

LADY
LADY málning
25%
afsláttur

Philips ljós
25%
afsláttur

Alsapan
Alsapan parket
20%
afsláttur

Nilfisk
Háprýstidælur
20-30%
afsláttur

Berlinger Haus
Berlinger Haus heimilislífrur
25-30%
afsláttur

Gerðu frábær kaup!
**VERKFÆRA
DAGAR**

GRAPHITE PRO
22.995 kr
34.595 kr
Borvél 18V + 109 fylgihlutir
Kemur í tösku með 109 fylgihlutum, 2 rafhlöður 2.0Ah Li-ion, sn./mín., 0-350/0-1250, mesta hersla 44Nm, 19 stílingar+borastilling, 13 mm patróna.
5245273

40% afsláttur
2.995 kr
4.999 kr
Bora- bita og toppasett
99 stk., Boxer.
5246115

30% afsláttur
28.995 kr
41.465 kr
Háprýstidæla C'PG 130,2-8 X-TRA
Hámark 130 bör, 1,8kW, 520 ltr./klst.PowerGrip byssa með 7 kraftstillingum. 8 m slanga.
5254228

KONUDAGUR

í Blómavali

Glæsilegur kaupauki fylgir öllum
vöndum meðan birgðir endast



KAUPAUKI

Gómsætur
hjartalagaður
súkkulaði-
glaðningur

Konudagsvöndur

4.990kr



Opið í Blómavali á sunnudag/konudag kl. 09-14

-25%

Friðarlilja
9 cm pottur

890kr

~~1.190kr~~

11400017



-26%

Orkidea

1.990kr

~~2.690kr~~



-25%

Túlípanar
10 stk.

1.490kr

~~1.990kr~~



Íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is

Cassie Boren í Selfoss

KNATTSPYRNA Knattspyrnudeild Selfoss hefur samið við bandaríska varnarmanninn Cassie Boren fyrir komandi keppnistímabil í Pepsi-deild kvenna.

Boren er 22 ára gömul og er að ljúka háskólanámi þar sem hún spilaði með sterku liði Texas Tech í bandaríska háskólaboltanum.

„Cassie er spennandi leikmaður sem stóð sig mjög vel í háskólaboltanum og ég hlakka til að vinna með henni. Það verður áskorun fyrir hana að stíga inn í vörmin hjá okkur en varnarleikurinn var okkar aðalsmerki í fyrra og gekk mjög vel.



Cassie Boren skrifar undir samninginn við Selfoss. Ljósmynd: Umf. Selfoss.

Við væntum þess að hún muni smella vel inn í hópinn hjá okkur,“ segir Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari Selfoss.



Katla María skoraði 4 mörk í leiknum.



Haukur var markahæstur með 7 mörk.

Bæði Selfossliðin úr leik í bikarnum

HANDBOLTI Hvorki meistaraflokkur karla né kvenna tókst að tryggja sér sæti í undanúrslitum Coca Cola-bikarsins, en bæði lið léku í Hleðsluhöllinni í 8-liða úrslitunum síðastliðuð mánudagskvöld. Stelpurnar steinláu gegn Framstelpum 22-34 og strákarirnir töpuðu með 7 mörkum gegn Val, 24-31.

Stelpurnar hófu þessa handboltaveislu og fengu Íslandsmeistara Fram í heimsókn. Fram byrjaði leikinn af krafti og fljótt var ljóst í hvað stefndi. Framstúlkur komust í 9-0 áður en Selfoss náði að skora sitt fyrsta mark. Fram var 12 mörkum yfir í hálfleik 5-17. Leikur Selfoss var mun betri í seinni hálfleik en það dugði ekki til og Framstúlkur sigldu 12 marka sigri í höfn 22-34.

Katla María, Harpa og Perla Ruth voru markahæstar með 4 mörk. Þær Hulda Dís og Sarah skoruðu 3 mörk hvor. Krístrún skoraði 2 og þær Tinna

og Ída Bjarklind voru með sitt markið hvor. Katrín Ósk varði 4 skot í markinu og Þórdís Erla 2.

Strákarnir tóku síðan við keflinu og tóku á móti Valsmönnum. Valur mætti af fullum krafti í leikinn og voru alltaf skrefi á undan, staðan í hálfleik var 9-13, Val í vil. Valur hélt alltaf ákveðinni fjarlægð og tryggðu sér að lokum sjö marka sigur, 24-31.

Haukur var markahæstur með 7/1 mörk, Hergeir og Guðjón Baldur skoruðu 4 mörk hvor. Þeir Elvar Örn og Nökkvi Dan skoruðu þrjú mörk hvor og þeir Árni Steinn, Guðni og Einar voru með eitt mark hver. Pawel varði 9 skot í leiknum og Alexander eitt.

Bæði lið eru því döttin úr bikarkeppninni og ljóst að Selfoss verður ekki með meistaraflokk í höllinni í ár.

Næstu leikir hjá Selfoss eru í deildinni gegn Val, strákarnir úti á mánudaginn og stelpurnar heima á þriðjudaginn. Báðir leikir hefjast kl. 19:30. esó

Sigur í Suðurlandsslag eftir háspennu

HANDBOLTI Selfoss lagði ÍBV í Suðurlandsslagnum í Olís-deild karla í seinustu viku með tveimur mörkum, 30-28.

ÍBV hafði yfirhöndina mestan hluta leiks og yfirleitt með 2-3 marka forystu, staðan í hálfleik 14-16. Gestirnir héldu frumkvæðinu í seinni hálfleik en Selfyssingar önduðu þó í hálsnál þeirra allan tímann. Síðustu 10 mínúturnar gerðu strákarnir okkar lokaáhrif, háspenna sem endaði með tveggja marka sigri Selfoss.

Mörk Selfoss: Elvar Örn 9/1, Haukur 5/1, Einar 4/1, Guðjón Baldur og Nökkvi Dan 4, Atli Ævar og Guðni 2. Varin skot: Pawel 2 og Sölvi 1.



Elvar Örn var markahæstur gegn Eyjamönnum.

Að loknum 15 umferðum eru Selfyssingar í þriðja sæti deildarinnar með 22 stig, einungis tveimur frá toppliði Vals sem eru einmitt næstu andstæðingar liðsins á útivelli mánudaginn 25. febrúar kl. 19:30. esó/gj

Tap gegn Haukum í Hafnarfirði

HANDBOLTI Stelpurnar töpuðu gegn Haukum á Ásvöllum í Olís-deildinni í seinustu viku, 27-20.

Haukar náðu fljótt frumkvæði í leiknum, en Selfoss finum kafla um miðbik fyrri hálfleiks og komst yfir, 7-8. Lengra náði það ekki og Haukar komust aftur yfir, staðan í hálfleik 15-11. Selfoss voru slakar í upphafi seinni hálfleiks, Haukar sóttu stíft á og voru fljótlega komnar sjö mörkum yfir 20-13. Selfoss náði að minnka muninn

en það dugði skammt. Lokatölur 27-20 Haukum í vil.

Mörk Selfoss: Hulda Dís og Perla Ruth 5, Carmen, Sarah og Harpa Sólveig 3 og Katla María 1 mark auk þess að verja 13 skot í markinu.

Selfoss er sem fyrr í botnsæti deildarinnar með 4 stig og aðeins fimm leikir eftir í deildinni en liðið tekur á móti toppliði Vals í Hleðsluhöllinni þriðjudaginn 26. febrúar kl. 19:30.



Elmar fyrir miðju og Þórir t.h.



Allir keppendur Selfoss í U15.

Ljósmyndir: Umf. Selfoss



Vésteinn fyrir miðju með gullverðlaun.



Airingas t.v. og Valur t.h.



Einar fyrir miðju með gullverðlaun og Claudiu t.v. með silfur.

Strákarnir í 4. flokki í undanúrslit

HANDBOLTI Strákarnir á yngri ári í 4. flokki tryggðu sér sæti í undanúrslitum bikarkeppinnar eftir eins marks sigur á HK í vikunni, 30-29.

Selfoss var mun betri í fyrri hálfleik og var yfir í hálfleik. HK-strákar komu sterkir inn í þeim síðari og náðu að saxa á forskotið eftir því sem leið á leikinn. Síðustu mínúturnar voru spennandi en Selfoss landaði sigri 30-29. Daniel Þór



Reynisson var markahæstur Selfyssinga með 13 mörk.

JÚDÓ Afmælistótt Júdósambands Íslands í yngri flokkum var haldið laugardaginn 9. febrúar. Keppendur á mótinu voru um áttatíu frá öllum klúbbum landsins þar af sautján frá Selfossi. Þarna saust margar spennandi og skemmtilegar viðureignir, glæsileg köst og flottar gólfglímur.

Í flokki keppenda U13 fékk Airingas Jezerska silfur og Valur Harðarson brons í -42 kg flokki. Elmar Þorsteinsson fékk silfur og Þórir Steinþórsson brons í -46 kg flokki.

Í flokki U15 bar Vésteinn Bjarnason sigur úr bítum í -55 kg flokki og það sama gerði Einar Magnússon í -66 kg flokki þar sem Claudiu Sohan varð annar.

Í flokki U18 fékk Óli Guðbjartsson silfur í -55 kg flokki og sömuleiðis Jakup Tomczyk í -66 kg flokki. Í flokki keppenda U21 varð Hrafn Arnarsson annar í -90 kg flokki.

Aðalfundur sunddeildar

SUND Aðalfundur sunddeildar Selfoss verður haldinn í Tíbrá í kvöld, miðvikudaginn 20. febrúar klukkan 18:15.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf og eru allir velkomnir.



Lið HSK/Selfoss sigraði stigakeppni á MÍ 11–14 ára



11 ára stelpur í 600 m hlaupi.

FRJÁLARS ÍPRÓTTIR Lið HSK/Selfoss vann stigakeppni Meistaratóts Íslands í frjálsum íþróttum 11–14 ára sem haldið var í Laugardalshöll um þar síðustu helgi. Lið HSK/Selfoss hlaut samtals 600 stig. Breiðablik varð í öðru sæti með 437 stig eftir hörku keppni við FH og Ármann. Lið HSK/Selfoss vann stigakeppnina í þremur aldursflokkum, í flokki pilta 11 ára, pilta 13 ára og stúlkna 14 ára.

Alls voru 74 keppendur af sambandssvæði HSK skráðir til leiks en eitthvað var um forföll vegna veikinda og annarra verkefna.

Sjö keppendur frá Umf. Kötlu í Vík kepptu á mótinu og hafnaði félagið í 11. sæti með 63,5 stig.

Keppendur HSK unnu samtals 8 Íslandsmeistarátitla, 14 silfur og 12 brons. Lið Umf. Kötlu stóð sig vel og unnu keppendur liðsins tvo Íslandsmeistarátitla og þrenn verðlaun samanlagt.

Eitt HSK-met var sett á mótinu. Vésteinn Loftsson bætti HSK-metið í 60 metra hlaupi í 11 ára flokki um 0,01 sek. en hann hljóp á 9,06 sek. Viktor Karl Halldórsson átti gamla metið. Margir voru að bæta sinn persónulega árangur á mótinu, eins og sjá má á mótaforriti FRÍ. HSK-krakkarnir settu 118 persónuleg met og Kötlu-krakkarnir bættu sig í 9 greinum samtals.

Heildarúrslit eru á www.fri.is.
Myndir HSK: EO.



Hluti af sigurliði HSK/Selfoss með stigabikarinn í lok mótis.



Sigurlið HSK/Selfoss í 11 ára flokki pilta.



Fulltrúi sigurliðs HSK/Selfoss í 13 ára flokki pilta.



Keppendur Umf. Kötlu ásamt Ástþóri þjálfara sínum.



Árbjörg Íslandsmeistari í kúluvarpi 14 ára stúlkna.



Sigurlið HSK/Selfoss í 14 ára flokki stúlkna.



Auðunn, Karl, Egill og Arnaldur ásamt Ástþóri þjálfara.

Bikar til Flóaskóla í fyrsta sinn

GLÍMA Grunnskólamót HSK í glímu 2019 fór fram 12. febrúar sl. í íþróttahúsinu á Hvolsvelli. Til leiks mættu 64 þátttakendur frá fimm grunnskólum á sambandssvæði HSK. Glímt var á þremur dýnulögðum völlum samtímis og skein bæði kapp og gleði af kraftmiklum keppendahópnum. Mótsstjóri var Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, og dómarmar og annað starfsfólk mótsins kom úr röðum HSK.

Í stigakeppni milli skóla sigruðu heimamenn í Hvolsskóla þrjá flokka af fjórum. Í flokki stelpna í 5.–7. bekk hampaði Flóaskóli sínum fyrsta sigri í stigakeppni mótsins frá upphafi.

Leiðrétting

Í síðustu Dagskrá var sagt frá aðalfundi Umf. Eyrarbakka. Þar var m.a. greint frá stjórnarskipan hjá félaginu og misrituðust nöfn. Hið rétta er að Rakel Gunnlaugsdóttir er meðstjórnandi og Halla Guðlaug Emilsdóttir er ritari. Beðist er velvirðingar á þessu.

Úrslit urðu eftirfarandi:

5.–7. bekkur stráka:

1. Hvolsskóli 19* st., 2. Bláskógaskóli 19 st. og 3. Flóaskóli 11 st.

* Hvolsskóli sigraði flokkinn vegna fleiri gullverðlauna.

5.–7. bekkur stelpna:

1. Flóaskóli 18,5 st., 2. Hvolsskóli 15,5 st., 3. Bláskógaskóli 11,5 st.



Sigurlið Flóaskóla í 5.–7. bekk stúlkna.



Sigurlið Hvolsskóla í 8.–10. bekk stráka.

og 4. Laugalandsskóli 4,5 st.

8.–10. bekkur drengja:

1. Hvolsskóli 22 st. og 2. Bláskógaskóli 14 st.

8.–10. bekkur stúlkna:

1. Hvolsskóli 21 st., 2. Bláskógaskóli 8 st., 3. Sunnúlækjarskóli 5,5 st. og 4. Flóaskóli 5 st.



Sigurlið Hvolsskóla í 5.–7. bekk stráka.



Sigurlið Hvolsskóla í 8.–10. bekk stúlkna.

OLÍS-DEILD KVENNA
HEIMALEIKUR:

Valur

ÞRIÐJUDAGINN 26. FEB. KL. 19:30

HLEÐSLUHÖLLINNI SELFOSSI

Ertu í söluhugleiðingum á nýju ári?

Verið velkomin í kaffi til okkar að Austurvegi 6 Selfossi

DOMUSNOVA
Fasteignasala

FASTEIGNASALA VENJULEGA FÓLKINS - AUSTURVEGI 6 - WWW.DOMUSNOVA.IS - Sími 527.1717

Vélamaður Selfossi



Starf vélamanns hjá þjónustustöðinni á Selfossi er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

Starfssvið:

- Viðhald, þjónusta og nýbyggingar vega á starfssvæði Vegagerðarinnar á Selfossi.
- Ýmis vinna í starfsstöð á Selfossi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Almennt grunnnám.
- Almenn ökuréttindi og meirapróf bifreiðastjóra.
- Vinnuvélaréttindi.
- Reynsla af á móta störfum æskileg.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp.
- Góðir samstarfshæfileikar.
- Gott vald á íslenski tungu.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með **4. mars 2019**. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Páll Halldórsson rekstrarstjóri í síma 522 1361.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Tilkynningar frá Félagi eldri borgara Selfossi

Farið verður í leikhúsið í Hveragerði föstudaginn 15. mars kl. 20 á 2 tvöfaldir. Vinsamlegast skrifið ykkur á listann fyrir 4. mars. Þáttökulisti liggur frammi í Grænumörk 5. Upplýsingar veita Erla í síma 899 8226 eða 482 1479 eða Svala í síma 846 8687 eða 482 1974.

Einnig verður farið á söngleikinn Matthildi í Borgar-leikhúsinu fimmtudaginn 2. maí. Þátttaka verður að tilkynnst fyrir 30. mars. Þáttökulisti liggur frammi í Grænumörk 5. Upplýsingar veita Erla í síma 899 8226 eða 482 1479 eða Svala í síma 846 8687 eða 482 1974.

Sorgarhópur í Hveragerðiskirkju

Boðið verður upp á samverur fyrir syrgjendur í Hveragerðiskirkju í mars. Samverurnar verða sex talsins, á miðvikudagskvöldum kl. 19:30 – 20:30, sú fyrsta miðvikudaginn 27. febrúar. Samverurnar byggjast upp á fræðslu, nærveru, samtali og hlustun eins og hverjum og einum hentar.

Að missa, syrgja og sakna er hluti mannlegs lífs. Allir sem upplifað hafa missi, sorg og söknuð af einum toga eða öðrum eru hjartanlega velkomnir.

Umsjón með samverunum hefur sr. Gunnar Jóhannesson og Ásta Þórey Ragnarsdóttir. Nánari upplýsingar má fá hjá sr. Gunnari í síma 892 9115 eða í gegnum netfangið gunnar.joh@icloud.com.

Leikfélag Hveragerðis



SÝNT Í LEIKHÚSINU AUSTURMÖRK 23

Two into one

Höfundur: Ray Cooney

Þýðandi: Árni Ibsen

Leikstjóri:

María Sigurðardóttir

7. sýning föstudag 22.febr. **UPPSELT**
8. sýning laugardag 23.febr. **UPPSELT**
9. sýning föstudag 1.mars. **UPPSELT**
10.sýning laugardag 2.mars. **UPPSELT**
11.sýning föstudag 15.mars **Lausir miðar**
12.sýning laugardag 16.mars **Lausir miðar.**
Allar sýningar byrja kl. 20:00
Miðapantanir í síma 863-8522
Miðaverð kr.3,000-

Kaðlín

Stórar peysur, gjarnan með köðlum, njóta svaxandi vinsælda. Að þessu sinni birtum við uppskrift að auðveldri peysu sem prjónuð er frá hálsmáli og niður. Garnið heitir Cataluna og er vistvæn, ólitameðhöndluð 100% ull frá Spáni. Það er lungamjúkt og áferðarfallegt og hentar einkar vel í grófar peysur.

Stærðir:

S - M - L

Efni: Cataluna 9 - 10 - 11 dk, prjónar no 5,0 40 sm og 80 sm, kaðlaprjónn, prjónanælur, prjónamerki.

Kaðall: Nær yfir 12 lykkjur.

1.-3. umf 1 br, 10 sl, 1 br.

4.umf 1 br, setjið næstu 5 l á kaðalprjón, og geymið fyrir framan á stykkinu, prjónið næstu 5 l sléttar, prjónið 1 af kaðlaprjóninum sl, 1 br.

5.-10. umf 1 br, 10 sl, 1 br.

Endurtakið þessar 10 umferðir.

Útaukning við ermar: Þegar 1 sl l er eftir fyrir framan br lykkjuna er bandið á milli lykkna tekið upp, snúið til hægri og 1 l slétt prjónuð, prjónið 1 sl, 1 br, 1 sl og aukið aftur í á sama hátt en nú er 1 snúið til vinstri. Aukið þannig út í 4 hverri umferð alls 21-23-24 sinnum (alls 60-64-68 ermalykkjur á milli brugðnu lykkjanna).

Útaukning við kaðla: Aukið er út á sama hátt og við ermar, nema hér er útaukningin gerð upp við brugðnu lykkjuna sem afmarkar kaðalinn. Ein l hvorum megin. Aukið þannig út í 4 hverri umferð alls 5-5-6 sinnum, svo í 5. hverri umferð 13-14-15 sinnum (alls 100-108-116 l á fram- og bakstykkjum)

Uppskrift: Fitjið laust upp 72-76-80 lykkjur á styttri prjóninn, tengið í hring og prjónið stroff, 2 sl, 2 br, alls 16-17-18 umferðir. Prjónið nú 1 umf slétta og aukið um leið út jafnt yfir umferðina um 12-14-16 l (alls 84-90-96 l á prjóninum). Nú er farið að aðgreina bol og ermar. Prjónið 1 l br, 18-19-20 l sléttar 1 br (vinstri ermi), prjónið 6-7-8 l sl, 1 br, 10 sl, 1 br (kaðall) 6-7-8 sl, (framstykki), 1 br, 18-

19-20 l sléttar 1 br (hægri ermi), prjónið 6-7-8 l sl, 1 br, 10 sl, 1 br (kaðall) 6-7-8 sl, (bakstykki). Prjónað er áfram í hring og gerið kaðla og útaukningar samkvæmt lýsingu að ofan. Þegar útaukningum er lokið eru erma-lykkjurnar settar á nælu og haldið áfram að prjóna búkinn með köðlum en án útaukninga þar til hann mælist frá ermaopi 32-34-36 sm. Prjónið þá stroff, 2 sl, 2 br, alls 12-12-14 umf. Fellið af. Takið lykkjurnar af annarri prjónanælunni upp á ermaprjón, takið 2 l upp við samskeytin (alls 62-66-70 l á prjóni) og prjónið slétt í hring. Gott er að merkja upphaf umferðar með prjónamerki. Í 6. hverri umferð er fækkað um 2 l þannig; prjónið þar til 3 l eru eftir af umferðinni, takið þá 1 l óprjónaða, prjónið næstu l sl, steypið óprjónuðu l yfir, prjónið 2 sl og næstu 2 l saman sl (í byrjun umferðar). Prjónið þar til ermi mælist 41-42-43 sm, fækkið þá jafnt yfir umferðina þannig að eftir verði 32-32-36 l á prjóninum og prjónið stroff 2 sl, 2 br alls 12-12-14 umf. Fellið af. Gangið snyrtilega frá endum, þvoið úr mildu sápuvatni og leggið til þerris.



Kaðlín

Uppskrift:

Þóra Þórarinsdóttir



Hannyrðabúðin

Eyrangei 23, Selfossi // 555-1314



Unnið að heildarstefnu í almenningssamgöngum

Lögð hafa verið fram til tilkynningar drög að fyrstu heildarstefnu ríkisins í almenningssamgöngum á landi, sjó og lofti. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra kynnti drögin nú á dögunum. Drögin hafa verið birt í samráðsgátt stjórnarráðsins til umsagnar undir yfirskriftinni *Ferðumst saman – drög að stefnu í almenningssamgöngum*.

Markmið stefnunnar er að stuðla að umhverfissvænni, öruggari og þjóðhagslega hagkvæmari umferð um land allt samfara aukinni notkun almenningssamgangna. Þá er lögð fram tillaga að fimm stærri skiptistöðvum. Ein þeirra verður staðsett á Selfossi gangi drögin eftir. Þá er lagt til að upplýsingar um leiðakerfi verði í sameiginlegri upplýsingagátt, hægt verði að kaupa einn farmiða alla leið ásamt því að fargjöld verði lækkuð og þjónustan gerð að-



gengilegri fyrir almenning svo dæmi séu tekin um leiðir sem nefndar eru í stefnudrögunum.

Meðal þess sem kallað hefur verið eftir af Samtökum sunn- lenskra sveitarfélaga er heildarstefna í samgöngumálum. „Við höfum talað fyrir því að ríkið komi með heildarstefnu í al-

menningssamgöngunum og að þeim fylgi nægjanlegt fjármagn til þess að þjónustan við notendur verði sem best. Við fögnum því drögunum og munum vinna að þessu til heilla fyrir samfélagið á Suðurlandi,“ segir Eva Björk Harðardóttir, formaður stjórnar SASS.

-gpp

Líf í lygi er hættulegt

- Viðtal við Lilju Magnúsdóttur, höfund Svikarans



Lilja Magnúsdóttir, höfundur Svikarans. Mynd: GPP.

Lilja Magnúsdóttir sendi frá sér sína fyrstu skáldsögu á síðasta ári. Bókin er spennusaga sem ber titilinn „Svikarinn“ og hefur hlotið góðar viðtökur meðal lesenda. Lilja hefur um árabil kennt íslensku, bæði á Kirkjubæjarklaustri og í Kópavogi. Við settumst niður með henni á Bókakaffinu á Selfossi.

Hef mikla ástríðu fyrir bókum

Lilja er fædd og uppalin í Borgarfirði og átti heima á bænum Hraunsnefi í Norðurárdal ásamt foreldrum sínum og systkinum. Lilja sótti heimavistarskóla í Varmalandi og síðar í Reykholti. Fluttist svo til Reykjavíkur og hélt áfram námi þar. „Ég kynntist svo manningum mínum þegar ég fluttist einn vetur austur á Kirkjubæjarklaustur til að kenna í Kirkjubæjarskóla. Eftir það fór ég suður og tók BA próf í íslenskum fræðum í HÍ og seinna einnig kennsluréttindi. Ég hef starfað sem kennari við Kirkjubæjarskóla og í Menntaskólanum í Kópavogi og kenndi oft íslensku sem annað mál, bæði börnum og fullorðnu fólki. Á Kirkjubæjarklaustri var ég í nokkur ár forstöðumaður Héraðsbókasafnsins sem er einnig skólabókasafnið. Það var skemmtilegt starf því ég hef mikla ástríðu fyrir bókum.“

Safna sögum úr samfélaginu

„Menning, náttúran og saga sveitanna fyrir austan heillaði mig frá upphafi og ég gerði mér far um að lesa allt um svæðið. Mér finnst svo margt sem er sérstakt í Skaftárhreppi; náttúruhamfarir setja mjög mikinn svip á samfélagið og landið, skipsströnd voru mjög mörg, ferðirnar yfir Skeiðarársand áður en brýrnar komu voru merkilegar og svo margt fleira. Ég fór að

tína þetta efni saman og skrifa stuttar frásagnir og þá kom að því að mig langaði að setja þetta saman í bók. Ég fór í Háskóla Íslands í grein sem heitir *Hagnýt ritstjórn og útgáfa* og þar var lokaverkefnið handrit að bók. Það er ábyrgðarhluti að gefa út bók og vísa á staði sem ekki er búið að undirbúa því stuttu síðar er kominn fjöldi fólks og svæðið skemmist af áganginum. Ég hætti þess vegna við að gefa út bók og setti frásagnirnar á vef sem er opinn öllum; eldsveitir.is. Með frásögunum er fjöldi ljósmynda sem ég hef fengið lánaðar hjá íbúum í Skaftárhreppi og skannað inn á vefinn. Myndasöfnunin skilaði svo öðru verkefni þar sem gamlar myndir eru skannaðar og skráðar meðan heimildamanna nýtur við en markmiðið er að nota þær síðar við uppsetningu á sýningum eða bókaútgáfu. Margar þessara mynda birtust í bókinni *Fornar ferðaleiðir* sem Vera Roth skrifaði og kom út vorið 2018. Þessi þrjú verkefni hafa öll fengið góða styrki frá Uppbyggingarsjóði SASS og verkefninu Brot-hættum byggðum sem var að ljúka hér í Skaftárhreppi.“

Spennusaga um venjulegt fólk

Lilja hefur alltaf skrifað í gegnum tíðina. Þegar hún kenndi gerði hún sér far um að láta nemendur skrifa bæði ritgerðir og sögur. Hún þróaði meðal annars áfanga í Menntaskólanum í Kópavogi sem nefndist barnabókmenntir. „Ég hef mikla trú á því að til þess að verða góður í tungumálinu þurfi fólk að lesa og skrifa. Í áfanganum Barnabókmenntir var lokaverkefnið að skrifa bók. Það er í raun kveikjan að sögunni Svikaranum því ég ákvað, í miðri prófatörn 2008, að skrifa með nemendum og

til varð smásagan Svikarinn sem ég sendi inn í Smásagnakeppni, sem tímaritið Mannlíf stóð fyrir, vann fyrsta sætið og hlaut Gaddakylfuna. Sagan mallaði í huganum og smátt og smátt tóku persónurnar á sig mynd og örlög þeirra spunnust í huga mér. Þannig varð skáldsagan Svikarinn til.“

Beinagrindur eru byrði

Svikarinn er spennusaga um unga konu sem missir allt og berst við að fóta sig á ný. Það má hiklaust mæla með sögunni fyrir unga sem aldna. „Ég las glæpasögu um daginn þar sem átta lágu í valnum á endanum. Lýsingarnar voru svo yfirgengilegar, og eru það oft sér í lagi í norrænum krimmasögum, að mér eiginlega ofbauð. Ég vildi ekki fara þá leið. Mig langaði að gera auðlesna bók þar sem sagan rennur áfram og þú óttast ekki einhvern hrylling á hverri síðu, þó að sagan sé spennandi.“ Sagan er vissulega þannig að það er auðvelt að gleyma sér yfir henni. Lygin leikur stórt hlutverk í sögunni. „Við veljum stundum að ljúga til að bjarga okkur úr vanda eða til að vernda einhvern og fara þannig auðveldu leiðina sem er svo ekki eins auðveld þegar upp er staðið og getur endað á að allt er komið í hnút sem erfitt er að leysa. Lygin stjórnar oft of miklu í lífi okkar og við erum þá ekki við stjórnvöllinn sjálf. Það er erfitt að burðast allt lífið með beinagrindur í skápnum. Þetta er svo enn sýnilegra í okkar litla samfélagi og í söguviði bókarnar þar sem hún er látin gerast í fámenni og beinagrindurnar duka upp hver af annarri eftir því sem sögunni vindur fram.“

Viðtal: GPP



Aðalfundur Félags eldri borgara í Ölfusi

Aðalfundur Félags eldri borgara í Ölfusi verður haldinn að Egilsbraut 9 laugardaginn 23. febrúar nk. kl. 15. Á dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Stjórnin



Úrbeining

Við tökum að okkur úrbeiningu á nautgripum, svínunum, hrossum og sauðfé.

Erum líka með kjötbúð með nauta-, svína-, lambakjöt og kjúkling.

Hrossasaltkjöt, bjúgu, súrmat og hangikjöt.

Kryddvörur í úrvali.

Verslunin er opin

10-18 á virkum dögum

10-14 á laugardögum

Strákarnir í Vilt og alið ehf. Hellu.
Halli: 866 3471 – Guðmar: 691 1100



Aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar 2019

Aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar verður haldinn í safnaðarheimili Selfosskirkju þriðjudaginn 26. febrúar nk. kl. 20.

Dagskrá aðalsafnaðarfundar:


Málefni sóknarinnar verða þar rædd, starfsskil og reikningsskil sóknarnefndar sem og verkefni og starf næsta starfsárs.

Dagskrá fundarins er með þessum hætti (sbr. Starfsreglur um sóknarnefndir www2.kirkjan.is/node/11364):

1. Gerð grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.
2. Afgreiðsla reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár, ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.
3. Greint frá starfsemi héraðsnefndar og héraðsfundi.
4. Ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og framtíðarskuldbindingar.
5. Kosning sóknarnefndarmanna og jafnmargra varamanna til 4ra ára.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og kirkjugarðs og varamanna þeirra til árs í senn.
7. Kynntar verða tvær hugmyndir um sameiningu prestakalla. Annars vegar sameiningu Eyrarbakka- og Selfossprestakalla í eitt prestakall og hins vegar heildarsameiningu prestakalla í Flóahreppi, Sveitarfélaginu Árborg, Sveitarfélaginu Ölfusi og Hveragerðisbæ í eitt prestakall
8. Önnur mál.

Sjá nánar www.selfosskirkja.is

Vantar þig nýjan pall,
nýtt þak eða
jafnvel nýtt hús?



Við tökum að okkur
ýmiskonar viðhalds- og
nýsmíðaverkefni.

Hrímgrund ehf, Þorlákshöfn

hrimgrund@simnet.is - Sími 893 8018



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Innritun í grunnskóla skólaárið 2019–2020

Innritun barna sem eru fædd árið 2013 og eiga að hefja skólagöngu í Sveitarfélaginu Árborg haustið 2019 fer fram 20. febrúar–4. mars næstkomandi. Hægt er að innrita rafrænt í viðkomandi grunnskóla og frístundaheimili inni á Min Árborg á arborg.is eða á eyðublaðum sem eru aðgengileg á heimasíðum grunnskólanna og í Ráðhúsinu. Þeim umsóknum á að skila í viðkomandi skóla.

Upplýsingar um skólahverfi hvers skóla er að finna á arborg.is. Einnig er bent á auglýsingu í Dagskránni 13. febrúar sl. varðandi ný skólahverfi á Selfossi. Nemendur sem eiga skólahverfi í nýjum grunnskóla í Björkurstykki innristast í Vallaskóla. Rétt er að minna á að frístundatilboð fyrir 6-9 ára börn verða í boði á vegum Umf. Selfoss fyrstu tvær vikurnar í ágúst. Þau verða kynnt nánar í vor.

Frístundaheimili grunnskólanna fyrir 1.-4. bekk verða opin frá og með miðvikudeginum 7. ágúst 2019. Upplýsingar um innritun er hægt að fá í grunnskólunum og hjá þjónustuveri Árborgar (480 1900).

*Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri,
Sunnulækjarskóli og Vallaskóli*

Dagur tónlistarskólanna í Tónlistarskóla Árnesinga

Dagur tónlistarskólanna var haldinn hátíðlegur um land allt laugardaginn 9. febrúar sl. Tónlistarskóli Árnesinga stóð fyrir sex svæðistónleikum í tilefni dagsins og komu fram alls um 300 nemendur.

Tónleikar voru haldnir í Aratungu, Félagsheimilinu Flúðum, Þorlákskirkju, Hveragerðiskirkju og tvennir tónleikar í sal Tónlistarskólans á Selfossi.

Efnisskráin var mjög fjölbreytt og þema vetrarins (sampil þriggja og fleiri) skilaði sér skemmtilega inn í tónleikadagskrána. M.a. mátti sjá „pí-

anóhringekjur“ þar sem píanónemendur léku lagsyrpur á tvö píanó, ýmsa ólíka samspilshópa auk fjölda einleikara.

Stóðu nemendur sig afskaplega vel og fallegur bragur yfir öllum tónleikunum. Kennarar eiga líka hrós skilið fyrir gott utanumhald, en þeir skiptu með sér verkum og gengu allar skiptingar, kynningar og annað mjög smurt fyrir sig.

Á meðfylgjandi myndum má sjá lítið brot nemenda sem fram komu á Degi tónlistarskólanna.

Helga Sighvatsdóttir, skólustjóri



Atvinna Set röraverksmiðja

Óskum eftir að ráða starfskraft í mötuneyti fyrirtækisins, - matreiðslumann eða matartækni.

Góður vinnutími og vinnuaðstaða í vel útbúnu eldhúsi og matsal.

Nánari upplýsingar um starfið eru veittar á skrifstofu Set í síma 480 2707.

Skila má inn umsóknum á tölvupóstfang: atvinna@set.is

Umsóknarfrestur er til 1. mars nk.

Hjá Set starfa um 75-80 manns, við sölu, innflutning, framleiðslu og þjónustu við lagnamarkaðinn.





Mæðgurnar Bryndís og Kristín ásamt kápunni. Mynd: Dagskráin/GPP.

Tískuverslunin Lindin 45 ára

Mæðgurnar Bryndís Brynjólfsdóttir og Kristín Hafsteinsdóttir héldu upp á 45 ára afmæli verslunarinnar Lindarinnar í síðustu viku. Í tilefni af afmælinu eru nýjar vörur í versluninni á góðum afslætti ásamt því að boðið var upp á kaffi og kruður.

Þær mæðgur stilltu sér upp við fyrstu vöruna sem keypt var inn í verslunina fyrir 45 árum en um er að ræða ullarkápu sem keypt var af indverskum kaupmanni í London. „Þegar ég fór til London í fyrstu innkaupaferðina mína þá hitti ég indverskan kaupmann sem lagði mér línurnar og sumum af þeim ráðum hef ég ætíð fylgt. Það varð úr að ég keypti af honum kápur til að selja hér heima. Kaupmanninum fannst Ísland vera óralangt í burtu og ég man eftir að hann smíðaði kassa utan um kápunar svo þær kæmust heilar á leiðarenda. Kassann notum við svo enn í sumarbústaðnum okkar undir ýmsa kælivörum sem ég geymi utandyra,“ segir Bryndís hlæjandi. Tískan fer í hringi og viðmælendur eru sammála um að kápan gæti allt eins verið að koma í sölu núna eins og fyrir 45 árum, enda sér ekki á henni.

Það eru ekki einungis Sel-fyssingar og nærsveitningar sem þekkja tískuverslunina Lindina. Í auknum mæli nýtur verslunin vinsælda meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu, landsbyggðarfólks og sumarbústaðaeigenda. „Það er óhætt að segja að viðskiptavinir okkar komi víða að. Það eru forréttindi að njóta þeirrar gæfu að eiga tryggja og góða viðskiptavini. Við leggjum metnað okkar í að fylgjast vel með tískunni á hverjum tíma og bjóða upp fallegar og spennandi vörur á góðu verði.“

Aðspurð að því hvað er framundan segir Kristín: „Við erum um þessar mundir að undirbúa opnun netverslunar. Með tilkomu hennar getum við enn betur þjónustað viðskiptavini okkar um allt land. Það er okkur mikið kappsmál að fylgja straumum og stefnum í okkar viðskiptaumhverfi. Í tilefni af þessum merku tímamótum í sögu fyrirtækisins erum við að taka inn mörg ný og spennandi merki frá hinum ýmsu löndum. Að lokum viljum við fá að þakka öllum viðskiptavinum okkar í gegnum árin fyrir samfylgdina og viðskiptin. Hlökkum til að þjónusta ykkur í framtíðinni“, segir Kristín. -gpp



Leikskólinn Óskaland í Hveragerði 25 ára

Föstudaginn 22. febrúar nk. fagnar leikskólinn Óskaland í Hveragerði 25 ára starfsafmæli. Skólinn starfaði fyrstu tíu árin í Fljótsmörk 2 í Hveragerði, þar sem Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings er nú til húsa. Sumarið 2004 flutti skólinn í nýtt glæsilegt húsnæði

við Finnsmörk 1. Húsið var fullbyggt haustið 2007 og eru nú fjórar deildir með 84 börnum á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Af þessu tilefni verður opið hús fyrir almenning frá kl. 10–11:30 á föstudaginn 22. febrúar. Allir eru velkomnir að kíkja í heimsókn.

Loftljósið

Hagkvæmur kostur
Tenging sem virkar

Hentar fyrir gagnvirkt sjónvarp

Margir möguleikar í boði

Fjartenging myndavélakerfa,
öryggiskerfa ofl.

Ljósið í loftinu!

Lausnir fyrir þig inni á

www.loftljosisid.is

GAGNAVEITAN

Sími 546 0400



Loftljósið næst frá eftirtöldum stöðum:

Seyðishólar - Langholtsfjall - Háafjall - Úthlíð - Tóftir
Krosshóll - Hurðarbak - Heklubýggð - Lúnansholt
Kálfatjörn - Borgarnes - Þjóðólfsholt

Léttum þér lífið
dagar

VERTU Í HÓPI ÁNÆGDRA
VIÐSKIPTAVINA

Dagar þjónusta fyrirtæki með reglulegar ræstingar, hreingerningar, viðhald gólfa og annað sem þarf til að viðhalda húsnæði. Okkar 800 manna hópur leysir frá degi til dags fjölbreytt verkefni á 20 stöðum á landinu. Dagar búa að áratuga reynslu sprottinni úr alþjóðlegu samstarfi sem hefur fært okkur vel mótað verklag og stranga staðla. Þar haldast skipuag og sveigjangleiki hönd í hönd, þótt sólarhringurinn sé alltaf 24 klukkustundir eru engir tveir dagar eins.

Við hlökkum til að létta þér lífið með bros á vör

Hafðu samband við Kristínu í síma 693 4934 eða kristrun@dagar.is
eða Helgu Flosa í síma 854 1610 eða helga@dagar.is

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:30, kynning fyrir nýliða
kl. 20:00, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin

Batasetur Suðurlands
Opnunartími í vetur
miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
föstudaga kl. 10-14
í Strókhúsinu

TAPAD/FUNDIÐ



Fatapoki fannst

Fatapoki merktur Kølski fannst
í félagsheimili Karlakórs Self-
foss. Hægt er að nálgast hann
hjá Prentmeti á Selfossi.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

ICECOOL

Bífreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

STEYPUÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN -
TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM

Saga dyragöt, gluggagöt og
fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spjega og fleira.

Opnið frá kl. 12-20 virka daga,
og þess utan ef einhver er við.

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUÖGUNIN ÁS ehf.

BÍLAR

KIETTUR
Bífreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bífreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar

Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

FUNDIR

Vöflukaffi

Fimmtánda
vöflukaffi
vetrar verður
haldið næsta
föstudag 22.
feb. að Eyra-
vegi 15 á 2.
hæð, milli kl.
16 og 18. Gestur okkar verður
Sólveig Anna Jónsdóttir
formaður Eflingar stéttar-
félags. Hún hefur örugglega
frá ýmsu merkilegu að
segja. Allir velkomnir.



HEILSA

Nudd -
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í
Heilsulindinni Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

KIRKJUR

Víkurkirkja í Mýrdal
- Góðir gestir í heimsókn
Guðsþjónusta verður í Víkur-
kirkju nk. sunnudag, 24. febrú-
ar kl. 14:00.

Sönghópurinn G-G sem eru
syngjandi karlar úr Kirkjukór
Hruna- og Hrepphólasóknna í
Hrunamannahreppi, heiðrar
okkur með nærveru sinni og
annast söng í guðsþjónust-
unni ásamt félögum úr Samkór
Mýrdælinga. Stjórnandi söng-
hópsins er Stefán Þorleifsson.
Organisti er Brian R.
Haroldsson. Séra Óskar
Hafsteinn Óskarsson í Hruna
annast ritningarlestra, en
sóknarprestur predikar og
þjónar fyrir altari. Allir eru
hjartanlega velkomnir og fer-
mingarborn og foreldrar sér-
staklega hvött til að mæta.

Hveragerðiskirkja

Verið hjartanlega velkomin til
messu í Hveragerðiskirkju kl.
11 og í Kotstrandarkirkju kl. 14
sunnudaginn 24. febrúar.
Kirkjukór Hveragerðis-
og Kotstrandarsóknna leiða safn-
aðarsönginn undir stjórn
Örlygs Atla organista. Sr.
Gunnar Jóhannesson þjónar
fyrir altari.

Skálholtskirkja

Messa kl. 11. Sr. Axel Á.
Njarðvík, héraðsprestur þjónar
fyrir altari. Organisti Jón
Bjarnason. Verið velkomin.

Selfoskirkja

Messa kl. 11. Sr. Ninna Sif
Svavarsdóttir þjónar, organisti
Ester Ólafsdóttir, kór kirkjunn-
ar syngur. Sunnudagaskóli á
sama tíma í umsjón Jóhönnu
Yrar og leiðtoganna. Súpa
gegn vægu gjaldi í safnaðar-
heimilinu að messu lokinni.

Aðventistar

Laugardaginn 23. febrúar 2019
í safnaðarheimili aðventista á
Eyravegi 67. Biblíurannsókn kl.
11 og guðsþjónusta kl. 12,
með ræðu verður Eric Guð-
mundsson. Verið velkomin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11:00. Sam-
koma, barnastarf og kaffiveit-
ingar. English translation ava-
ilable. Þriðjudaga kl. 19.30
unglingasamkoma. Bæna-
stundir kl. 18 mánudag, þriðju-
dag og miðvikudag.

Kirkjubæjarklausturs-
prestakall

Konudagsmessa verður haldin
í Grafarkirkju í Skaftártungu kl.
14:00 sunnudag 24. febrúar nk.
(Ath! breyttur messutími frá
áður auglýstri dagskrá). Ása-
kórinn og Kirkjukór Prests-
bakkakirkju leiða söng undir
stjórn Zbigniew Zuchowicz.
Sunnudagaskóli er í Minn-
ingarkapelletu sr. Jóns Stein-
grímssonar kl. 11:00. Gleði,
söngur og brúðuleikhús.

VIÐ PRENTUM

FERMINGAR
BOÐSKORT



SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOS

Nemendur FSu á ferð í Slóvakíu

Í vikunni 28. janúar til 2. febrúar sl. fór hópur
í með sex nemendum og tveimur kennurum í
námsferð til Slóvakíu. Evrópskur Erasmus-styrk-
ur gerði það þessum hópi kleift að kanna nýtt land
og nýja menningu sem er Íslendingum annars
frekar óþekkt. Heimamenn höfðu undirbúið glæsi-
lega dagskrá sem allir nutu góðs af og er ljóst að
FSu-teymið verður að vanda sig verulega mikið
þegar það verður gestgjafar í haust, ef gæðin eiga
að vera sambærileg.

Nemendahópurinn úr FSu voru einungis stúlk-
ur að þessu sinni, og stóðu þær sig með þrýði
þegar kom að nemendaskiptum. Áttu þær mjög
oft frumkvæðið, blönduðu geði við aðra nemend-
ur úr hinum þremur löndunum og voru afskaplega
jákvæðar.

Mikil útikennsla átti sér stað, þar sem lært var
um náttúruna og sveitalífið. Ein ganga í fjall-
og skóglendi með leiðsögn endaði í náttúrusafni, þar
sem unnið var úr hinu lærða. Á svipaðan hátt var
farin ferð í helli sem annars er ekki opin almenn-
ingi, en leiðsögumenn útskýrðu fyrir hópnum það



sem fyrir augu bar. Í og fyrir utan hellinn voru tek-
in vatnssýni sem unnið var með í náttúrusafninu til
að sýna mismunandi gæði vatns.

Enn fremur fékk hópurinn þau forréttindi að
læra um menningu Slóvakíu í gegnum söng, dans
og matargerð. Öll ferðin var til fyrirmyndar og
nemendur sem ekki þekktust mikið áður eru bestu
vinkonur í dag. Kennarar í ferðinni voru þeir Ron-
ald Guðnason og Gunnar Borgþórsson.

VR PÍPULAGNIR

Gunnar Valgeir Reynisson
Pípulagningameistari
Skráður hjá Mannvirkjastofnun

Nýlagnir
Efnissala
Öll almenn lagnavinna



898 1598

vrsumarhus@gmail.com

f VR - Pípulagnir og sumarhúsaþjónusta

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vegna umræðu um veggjöld

Birgir Þórarinnsson

Þingmaður
Miðflokksins í
Suðurlandskjördæmi



menn greiði fyrir afnot af vegum landsins í ríkari mæli, en á árinu 2017 komu 2,2 milljónir ferðamanna til landsins. Miklar umræður áttu sér stað í þinginu um málið.

Engar ákvarðanir um veggjöld hafa verið teknar

Rétt er að leggja áherslu á það hér að engar ákvarðanir hafa verið teknar um veggjöld. Samgönguráðherra ítrekaði það í fréttum fyrir fáeinum dögum en hefur engu að síður boðað frumvarp um veggjöld á vörþinginu. Gjaldtakan er háð því að frumvarpið verði samþykkt og er alls kosta óvíst að svo verði. Í því sambandi er rétt að benda á að hvergi er minnst á veggjöld í sáttmála ríkisstjórnarinnar. Vinstri grænir töluðu gegn veggjöldum fyrir kosningar og það sama gerði Framsóknarflokkurinn.

Hringlandaháttur samgönguráðherra

Kúvending Framsóknar í veggjaldamálinu er athyglisverð en formaður flokksins sagði það skýrt fyrir kosningar að veggjöld yrðu aldrei á hans vakt. Skipti hann síðan um skoðun eftir að

hann settist í ríkisstjórn. Ráðherra hefur svo aftur skipt um skoðun, núna strax að lokinni umræðu um málið á Alþingi segir hann í fréttum að veggjöld verði eftir 4–5 ár. Þar með hlýtur hann að hætta við að leggja veggjaldafurvarpið fram í vor, ef hann er sjálfum sér samkvæmur. Verður að telja að þetta nýjasta útspil ráðherrans setji málið í uppnám á ríkisstjórnarheimilinu. Það er algjörlega á skjön við það sem Sjálfstæðismenn hafa boðað.

Gjöld á bifreiðaeigendum verða að lækka

Miðflokkurinn ákvað að styðja það innan umhverfis- og samgöngunefndar að veggjaldaleiðin yrði skoðuð. Vega þar öryggismálin þyngst og mikilvægi þess að geta flýtt framkvæmdum af þeim sökum. Hins vegar mun flokkurinn ekki styðja frumvarp um veggjöld, komi það þá yfir höfuð til afgreiðslu í þinginu, nema önnur gjöld á bifreiðaeigendum lækki á móti, eins og bifreiðagjald og gjöld á díselolíu og bensín. Er það alveg skýrt af hálfu flokksins. Gjöld á bifreiðaeigendum eru nú þegar í hæstu hæðum og verða að lækka.

Aðalsafnaðarfundur Selfosskirkju – tillögur um sameiningu prestakalla kynntar

Þriðjudaginn 26. febrúar nk. kl. 20.00 veður aðalsafnaðarfundur Selfosskirkju haldinn. Eins og lög gera ráð fyrir fara fram hefðbundin aðalfundarstörf þar sem sóknarnefnd, prestar og aðrir starfsmenn gera grein fyrir störfum sínum. Þá er mikilvægt að vekja athygli á því að kynntar verða tvær tillögur um sameiningu prestakalla, annars vegar sameiningu Selfoss- og Eyrarbakkaprestakalla í eitt og hins vegar sameiningu Selfoss-, Eyrarbakka-, Þorlákshafnar- og Hveragerðispresta-



kalla í eitt. Eru sóknarbörn hvött til að mæta á fundinn og taka afstöðu til þessara tillagna sem liggja fyrir fundinum. Vonandi

koma sem flestir og taka þátt í safnaðarstarfinu.

Björn Ingi Gíslason, formaður sóknarnefndar.

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu í atvinnuleit?
www.dfs.is/atvinna/



Minn hjartkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

Ólafur Hákon Guðmundsson, Grashaga 20,



lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands föstudaginn 15. febrúar. Hann verður jarðsunninn frá Selfosskirkju þriðjudaginn 26. febrúar kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim, sem vilja minnast hans, er bent á minningarsjóð, sem verður stofnaður honum til heiðurs.

Jónína Magnúsdóttir, börn, tengdabörn, barnabörn, systur hins látna og fjölskyldur.



Rauði kross Íslands Árnesingadeild

Aðalfundur Árnesingadeildar Rauða kross Íslands verður haldinn að Eyravegi 23 á Selfossi, þriðjudaginn 5. mars kl. 18.00.

Gestur fundar er Kjartan Porkelsson, lögreglustjóri Suðurlands.

Venjuleg aðalfundarstörf

Kaffiveitingar

Félagar og sjálfbóðaliðar deildarinnar eru hvattir til að mæta. Nýir félagar eru velkomnir á fundinn.

Stjórnin



SÆLIR SUNNLENDINGAR!

Það er svo sannarlega mikil skemmtilegt um að vera í Menntaskólanum að Laugarvatni um þessar mundir. Vikuna 28. janúar til 1. febrúar var árlega stjórnskiparvikan. Í stjórnskiparvikan eru 10 embætti og eru 14 einstaklingar talsins sem sitja í stjórn.



Þessi vika var mjög spennandi og voru framboðendurnir að bjóða samnemendum sínum allskonar góðgæti til að næla sér í atkvæði þeirra. Fimmtudaginn 31. janúar var síðan ræðukvöld þar sem framboðendur fluttu ræðurnar sínar þar sem þeir sögðu hvað þeir hafa fram að færa.

Helgina 1. til 3. febrúar fóru nemendurnir í útivistar valáfanganum í skíðaferð til Akureyrar. Þar skemmtu þau sér vel og fóru meðal annars á skauta og ekki má gleyma Hlíðarfallinu, þar sem þau eyddu mestmeign af helginni sinni.



Mánudaginn 4. febrúar var síðan kosin ný stjórn Nemendafélagsins. Aðalfundurinn var haldinn sama kvöld þar sem ný stjórn var tilkynnt og fráfari stjórnskiparvikan. Þorfinnur Freyr Þórarinnsson, nemandi í 2. bekk á náttúruvísindabraut, var kjörinn stjórnari. Meðlimir fráfari stjórnskiparvikan fóru síðan til Dublin til að fagna samstarfi þeirra sem var að ljúka. Föstudaginn 8. febrúar var síðan haldið frábært stjórnskiparball.

Kórinn heldur sínu frábæra starfi áfram og var kórinn fenginn til að syngja í messu í Selfosskirkju sunnudaginn 17. febrúar. Föstudaginn 1. mars verða síðan körtónleikar í Skálholtskirkju þar sem kór Menntaskólans að Laugarvatni syngur með kórnum frá Kvinnaskólanum og Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þar verður eflaust svakleg stemning og eru kórfélagar skólanna að æfa á fullu fyrir þessa tónleika og munu þau standa sig með þryði.

Umsjón: Krístrún Urður og Sindri Bernholt

TÓNLEIKARÖÐ UNNUR BIRNA & BJÖRN THORODDSEN

22.FEB. MIDGARD BASE CAMP HVOLSVELLI
23.FEB. SKYRGERÐIN HVERAGERÐI
16.MARS TRYGGVASKÁLI SELFOSSI
ALLIR TÓNLEIKAR HEFJAST KL 20:30
FORSALA Á MIDI.IS. MIÐAVERÐ 3500 KR
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR.





Reykjafoss Hveragerði. Mynd: ÖG.

Heilsuáttak fyrir eldri borgara í Hveragerði

Nýtt átta vikna gjaldfrítt heilsuáttak fyrir eldri borgara í Hveragerði, 60 ára og eldri, hefst fljótlega. Námskeiðið er í boði Hveragerðisbæjar og í samvinnu við Félag eldri borgara í Hveragerði og fleiri sérfræðinga í bænum. Verkefnastjóri, leiðbeinandi og fyrirlesari verður Jónína Ben. íþróttfræðingur, sem flutt er í Hveragerði.

Sérstakur kynningarfundur fyrir námskeiðið verður haldinn föstudaginn 22. febrúar kl. 20–21. Staðsetning og frekari upplýsingar verða sendar í pósti til eldri borgara í Hveragerði frá Félagi eldri borgara.

Sem gulrót fyrir dugnað á námskeiðinu verða fengnir til sérfræðinga á ýmsum sviðum er varða heilsu, gleði og hamingju. Má þar nefna Tómas Guðbjartsson hjartalækni og fjallgöngugarp, Bergþór Pálsson söngvara og Albert Eiríksson matargúrú, Heru Björk söng-

konu og gleðigjafa, Gunnar Má, einkaþjálfara, Ketó-sérfræðing og rithöfund, Sölva Tryggvason fyrirlesara, rithöfund og fjölmiðlamann, Helga Grétar listmálara, John Snorra Sigurjónsson, K2 fjallgöngugarp og Helgu Möller söngkonu.

SPEKT
Bókhaldspjónusta
Skattaráðgjöf

Reykjavík / Þorlákshöfn

Sími 587 7600 / 860 9900
spekt@spekt.is


BÓNFEDGAR

Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Slökkvitæki ehf

Hleðsla - Sala - Þjónusta

Austurvegi 52 - Selfossi
Sími 666 9990

Verslum við litla manninn

Jiibbii

Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvalsöllum
Sími 772 6010

Sprettur

ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

MERKINGAR
LASERSKURÐUR
FRÆSINGAR
PRENTUN

Kennslustofa 60

SB SKILTAGERÐ

Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSI - WWW.FROSTMARK.IS

**Raf- og Kæli-
þjónustan ehf.**

Sími 660 2970

- Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
- Ísskápaþiðgerðir
- Almennar raflagnir

GK GLUGGAR

Gluggar Útihurðir Sérsmíði

Norður-Nýjabæ | 851 Helli | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is

veislur & veitingar
opið alla daga

rauða húsið
restaurant Eyrarbakka

raudahusid.is
483-3330
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka
raudahusid@raudahusid.is

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Meirapróf hefst á Selfossi föstudaginn 1. mars

Þetta er helgarnámskeið. Upplýsingar og skráning hjá Þráni í síma 892 9594 eða í netfangið thrainn@okuskoli.is

Ökuskóli Suðurlands - Eyravegi 55, Selfossi - www.okuskoli.is

Josera.
super premium
gæludýrafóður

Fæst hjá **BYKO** Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta
Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Bílamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límimiðar
Skiltagerð
Filmulausnir
og merkingar

Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is Filmulausnir
Opíð mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

MÚRVERK
STEINSÖGUN
KJARNABORUN
OG ALMENN VERKTAKAVINNA

SÖGUN

Gunni s: 895-9054 - Maggi s: 852-7577

Félagsheimilið Árnes

hentar sérlega vel fyrir allskyns veislur og viðburði.
Húsið rúmar 360 manns í þremur söllum.
Fjölskyldutjaldsvæði með rafmagni, sundlaug og heitum potti.
Góð aðstaða er fyrir útiþróttir og leiktæki fyrir börn.

Nánari upplýsingar
Kristjana - 486 6100 - kidda@skeidgnup.is
Ari - 893 4426 - ari@skeidgnup.is

www.skeidgnup.is